

1976

1. nóvember 1976 kom Bubbi fram í fyrsta skipti einn með gítarinn. Það var á tónleikum Jazzvakningar í veitingahúsinu Glæsibæ fyrir tilstuðlan Jónatans Garðarssonar. Frá þessu er greint í inngangi plötunnar Ég er (1991). Líklega hefur þetta verið 1. nóvember frekar en seinnihluta desember þegar Jazzvakning hélt sitt annað vakningarkvöld í Glæsibæ. Jónatan hafði þá nýverið sest í stjórn félagsins eftir aðalfund þar sem ný stjórn var kosin. Nafn Bubba kom þó ekki fram í auglýsingum fyrir tónleikana, enda óþekkt nafnið öllu á þessum tíma.